

82. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 28. ágúst 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Eyþóra (varamaður) fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla (varamaður) fulltrúi kennara, Guðný fulltrúi starfsmanna, Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

Efni fundar:

- Bréf frá foreldum til skólaráðs varðandi heilnæmi bókasafnskots skólans.
- Önnur mál.

Fjallað var um erindi frá hópi foreldra er varðar áhyggjur af heilnæmi bókasafnskots skólans. Í erindinu er skólaráð hvatt til að beita sér í málinu og vinna að því að fá bókunum skipt út. Í erindinu er skólaráð einnig hvatt til að skipta út efni sem notað er við textílkennslu.

Skólastjóri upplýsti skólaráðsfulltrúa um það að fulltrúa foreldra sem sendi ráðinu erindið hefði verið upplýstur um að öllu efni til kennslu í smíði, textíl, myndmennt og heimilisfræði hefði verið fargað.

Rætt var um bréf frá Helga Grímssyni sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs (SFS) til foreldra um þá ákvörðun að nýta bókasafnskostinn áfram eftir að hann var hreinsaður, að fenginni ráðgjöf frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER).

Skólaráð lítur svo á að með umræddu erindi foreldra séu bornar brigður á að aðgerðir umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og SFS, sem byggjast á faglegu mati HER, gangi nógu langt til þess að tryggja heilbrigði nemenda og starfsfólks.

Rætt var um að skólaráð er ekki faglegur vettvangur ákvörðunar-, framkvæmda- eða eftirlitsaðila með húsnæði Fossvogsskóla. Hins vegar ber skólaráði samkvæmt lögum að fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Í ljósi þess og alvarleika efnistaka erindisins, er það samhljóða ákvörðun skólaráðs Fossvogsskóla að framsenda umrætt erindi til HER og fara fram á að stofnunin ræði beint við skólasamfélag Fossvogsskóla um efni erindisins, annað hvort skriflega eða með boðun upplýsingafundar.

Ákveðið var að upplýsa fulltrúa foreldrahópsins um málsmeðferð með því að senda honum bréf skólaráðs til HER þegar það liggur fyrir.

Önnur mál

- Rætt var um skólaþróunarverkefni vegna nýju menntastefnunnar en allir skólar fengu styrk til að vinna það. Verkefni Fossvogsskóla er: Teymiskennsla - skapandi skólastarf þar sem megináhersla er lögð á teymisvinnu kennara, samþættingu námsgreina, námsmarkmið og skapandi verkefnavinnu. Einnig var fjallað um verkefni sem er í bígerð hjá Betri Bústöðum þar sem allar stofnanir í skólahverfinu sem vinna með börnin sameinast í forvarnarverkefni þar sem áhersla er m.a. lögð á mikilvægi svefns.

- Fjallað um ráðningu nýs skólastjóra en umsóknarfrestur rann út 26. ágúst sl. Skólastjóri ætlar að senda skólaráðsfulltrúum lista yfir umsækjendur þegar hann liggur fyrir.
- Umræður um öryggi nemenda vegna umferðar við skólann. Skólastjórnendur hafa ítrekað það við verktaka að fara ekki inn á lóðina á skólatíma. Bílastæði norðan megin við skólann verða að vera opin vegna viðveru iðnaðarmanna í skólanum. Skólastjórnendur munu senda bréf til foreldra um mikilvægi þessa að nota bílastæðið vestan megin við skólann og nota hringtorgið sem sleppistöð.
- Næsti fundur ákveðinn 11. september kl. 8:30

Fundi slitið upp úr kl. 10:00